

6. Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. apríl 1982.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir*

17. maí 1982.

Nr. 268.

## AUGLÝSING

**um umsóknargjald og árgjald vegna skráningar eiturefna og hættulegra efna.**

Umsóknargjald er kr. 850,00 með hverri umsókn og árgjald kr. 425,00 af hverju efni eða efnasamsetningu er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir plöntulyf, örgresiefni, stýriefni eða útrýmingarefni.

Auglýsing þessi, sem birt er með stoð í ákvæðum reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing sama efnis nr. 346/1972.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1982.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

21. maí 1982.

Nr. 269.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um bátaábyrgðarfélög  
nr. 367 22. mars 1976.**

1. gr.

16. gr. liður II orðist svo:

Hafi aðalvél skips ekki náð 12 ára aldri, miðað við smíðaár hennar, bætir félagið tjón, sem orsakast af öðrum ástæðum en greinir í lið I, á eftirtöldum aðalhlutum vélarinnar, enda verði að endurnýja þá:

1. Vélarblokk
2. Stimplum
3. Slífum
4. Strokklöki
5. Kambás, ásamt legum
6. Tannhjólum og ásum
7. Forþjöppu
8. Sveifarás
9. Sveifaráslegum
10. Botnskál.

Bætur miðast eingöngu við verð á nýjum vélarhlutum, en hvorki við vinnu, slippkostnað né annan kostnað í sambandi við tjónið. Bæturnar eru háðar sérstakri sjálfsábyrgð, (sjálfsábyrgð skv. 1. mgr. 14. gr. skal ekki beitt), sem hér segir:

Aldur vélarhluta	Sjálfsábyrgð
Að þriggja ára aldri .....	engin
3—5 ár .....	25%
5—7 ár .....	35%
7—9 ár .....	45%
9—12 ár .....	60%

Það skilyrði er fyrir bótaskyldu skv. lið II að vélar séu kældar óbeinni kælingu, (þ.e. vatnskældar, en vatnið kælt í sjókældum rörakæli).

Gerðar skulu varúðarráðstafanir gegn frostskegndum. Á vélunum skal vera viðvörðunarkerfi, sem gefur til kynna hæltu vegna ofhitunar og/eða truflunar í smurkerfi. Í skipinu skal vera viðvörðunarkerfi sem gefur til kynna þegar eldur er laus í vélarrúmi eða sjór streymir inn í það.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 91 31. desember 1975, gildir frá og með 1. janúar 1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1982.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## AUGLÝSING

**um þingsályktun um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984.**

Alþingi hefur hinn 3. maí 1982 samþykkt viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984:

Alþingi ályktar að á árinu skuli aflað 10 m.kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982.

Fé þessu skal varið til framkvæmda á eftirtöldum vegum í því skyni að auka öryggi vegfarenda.